

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10



Sent: nefndasvid@althingi.is

1. apríl 2020

Efni: Umsögn um mál 456 – Breyting á höfundalögum, nr. 73/1972

Samtök arkitektastofa (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972. Í frumvarpinu er lagt til að húseigendum verði heimilt að gera breytingar á eigin húsum án samþykkis hönnuðar, óháð aðstæðum eða ástæðum breytinganna. Samtökin gera verulegar athugasemdir að frumvarp sem þetta sé lagt fram m.t.t. þeirrar dræmu undirbúningsvinnu sem virðist liggja að baki. Ekkert samtal hefur farið fram við samtökin né Arkitektafélags Íslands um þetta mikilvæga mál greinarinnar.

Tilgangur frumvarpsins er í raun að afnema höfundarrétt hönnuða af mannvirkjum. Hönnun mannvirkja er listform sem hefur skapað mörg söguleg verðmæti. Það er ljóst að verkið er mannvirkið sjálft, fullbyggt, í takt við sýn hönnuðar þess en ekki einungis teikningarnar og tölvugögnin um hönnunina. Þá benda samtökin á að röksemdafærslan sem sett er fram í frumvarpinu fyrir breytingunum er í besta falli vafasöm, þ.e. að ýja að því að verið sé að breyta höfundalögum um hönnun mannvirkja til að þau séu í meira samræmi við höfundalög tónverka með orðunum: „Ekki er gert að skilyrði þegar tónverk er flutt að aðeins megi flytja það með þeim hljóðfærum sem höfundur þess tilgreinir eða í þeirri tóntegund.“ Þetta er mikil einföldun og með engum hætti hægt að bera saman við breytingar á hönnun mannvirkja. Sem dæmi þá þarf samþykki tónhöfundar ef tónverk er stytt, klippt búið úr því, bætt við viðlögum eða erindum, texta breytt og fleira. Þessi rök eiga því á engan hátt við sem forsenda fyrir þessum breytingartillögum .

Samtökin eru ósammála efnistöku og útfærslu frumvarpsins og benda á mikilvægi þess viðhöfð séu vönduð vinnubrögð þegar lagðar eru til breytingar á lögvörðum réttindum heillar stéttar. Skal það gert með tilliti til hagsmuna höfunda, eigenda húsnæðis og almennings að leiðarljósi.

F.h. Samtaka arkitektastofa,

A handwritten signature in blue ink that reads "Jón Ólafur Ólafsson". The signature is written in a cursive style with a long horizontal stroke at the end.

Jón Ólafur Ólafsson,

Formaður samtaka arkitektastofa